

Alþingi
Erindi nr. P 136/916
komudagur 23. 2. 2009

ISKÝI
Skýrslutæknifélag Íslands

Orðanefnd

23. febrúar 2009

Menntamálanefnd
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn Orðanefndar Skýrslutæknifélags Íslands um *Tillögu til þingsályktunar um íslenska málstefnu*, þskj. 248 – 198. mál.

Orðanefndinni hefur borist erindi frá menntamálanefnd í bréfi, dags. 11. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint þingskjal.

Nefndin styður meginmarkmið þingsályktunartillögunnar um að Alþingi samþykki tillögu Íslenskrar málnefndar um íslenska málstefnu sem opinbera stefnu í málum er varða íslenska tungu og þá sérstaklega það markmið að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Tillögur Íslenskrar málnefndar eru mjög ítarlegar og hefur verið reynt að vanda til þeirra. Orðanefndin hefur ekki efnislegar tillögur um breytingu á textanum, en þykir rétt að ítreka þessi atriði (sem tengjast verksviði orðanefndarinnar beint eða óbeint):

1. Orðanefndin tekur undir áhyggjur málnefndarinnar að lagaleg staða íslenskrar tungu sé ekki eins traust og hún gæti verið. Alþingi er hvatt til þess að gera þar bót á. (Sjá kaflann LAGALEG STAÐA ÍSLENSKRAR TUNGU.)
2. Mjög mikilvægt er að beita öllum ráðum til þess að hugbúnaður í tölvum í skólakerfmu og a.m.k. opinberum stofnunum verði á íslensku. (Sjá kaflana LEIKSKÓLAR, GRUNNSKÓLAR OG FRAMHALDSSKÓLAR, ÍSLENSKA Í HÁSKÓLUM og ÍSLENSKA Í TÖLVUHEIMINUM.)
3. Til þess að það markmið náist að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags er nauðsynlegt að sinna iðorðastarfi í sem flestum greinum. Orðanefndin leggur því sérstaka áherslu á umfjöllun um iðorðastarf í köflunum ÍSLENSKA Í HÁSKÓLUM, ÍSLENSKA Í VÍSINDUM OG FRÆÐUM og ÞÝÐINGAR OG TÚLKUN. Nauðsynlegt er að vinna við iðorðastörf verði viðurkennd í háskólum og í fræðasamfélaginu. Einnig er nauðsynlegt að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hafi bolmagn til þess að aðstoða orðanefndir fagfélaga og aðra áhugamenn við söfnun, myndun og útgáfu iðorða.

Að lokum vill orðanefndin leggja áherslu á nauðsyn þess að Alþingi og menntamálaráðherra grípi til aðgerða sem duga til þess að málstefnan verði ekki innantómt plagg heldur komist í framkvæmd á næstu 5 árum.

Með vinsemd og virðingu,
f. h. Orðanefndar Skýrslutæknifélags Íslands
Sigrún Helgadóttir, formaður,



Engjateig 9
105 Reykjavík

Sími: 553 2460
Myndsími: 535 9311

Tölvupóstfang: sky@sky.is
Vefsíða: www.sky.is